



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

9. maí 2019 – Pistill nr. 54



Tölvuteikning af stækkun leikskólans en leikskólinn er vinstri byggingin.

Húsheild með lægsta tilboð í viðbyggingu leikskólans

Þann 26. apríl s.l. kl. 11:00 voru opnuð tilboð í verkið „Krossmúli - Viðbygging leikskóla“. Fyrir sveitarstjórn var lögð fram fundargerð frá opnun tilboða. Tvö tilboð bárust og voru engar athugasemdir gerðar við útboðsferlið:

Tilboð 1: HHS verktakar 69.864.409 kr.

Tilboð 2: Húsheild ehf. 51.261.668 kr.

Kostnaðaráætlun hönnuðar var 41.839.407 kr. Skýringarviðræður voru haldnar með fulltrúum Húsheildar hf. þann 6. maí s.l. Niðurstaða þeirra var að eftir samanburð á tilboðsskrám lækkaði tilboð Húsheildar hf. niður í 49.461.668 kr. sbr. fundargerð.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Húsheild hf. á grundvelli tilboðs skýringarviðræðnanna og felur sveitarstjóra undirritun samninga.

Í fjárhagsáætlun 2019 var gert ráð fyrir 25 m.kr. fyrir stækkun leikskólans og svo 10 m.kr. í 2. áfanga 2020 eða samtals 35 m.kr.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að fjármögnun á viðbyggingu leikskólans verði með eftirfarandi hætti:

- 25 m.kr. samkv. fjárhagsáætlun 2019.
 - 10 m.kr. sem áætlaðar voru í 2. áfanga 2020 verða færðar yfir á fjárhagsárið 2019 með viðauka.
 - 10 m.kr. verða færðar af lið nr. 4 í fjárfestingaáætlun 2019 yfir í lið nr. 1 (stækkun leikskóla)
 - 4.461.668 kr. verða fjármagnaðar með viðauka.
- Sveitarstjórn samþykkti viðauka (nr. 1 - 2019) við fjárhagsáætlun samtals að upphæð 14.461.668 kr. sem fjármagnaður verður með handbæru fé.

Linda og Geochemý fengu úthlutaða menningarstyrki sveitarfélagsins

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi og fjárhagsáætlun 2019 auglýsti velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2019. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.

- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.


Tvær umsóknir bárust:

Umsókn 1 - Linda Björk Árnadóttir: Sjálfbærni verkefni - Hvað getum við gert? Sótt um 170.000 kr.

Umsókn 2 - Helgi Arnar Alfreðsson f.h. Geochemý ehf.: Vísindin heim - Fræðsluerindi Jarðfræðistofunnar. Sótt um 460.000 kr.

Velferðar- og menningarmálanefnd lagði til við sveitarstjórn að umsókn nr. 1 verði styrkt um 170.000 kr. og umsókn nr. 2 um 330.000 kr. Jafnframt leggi sveitarfélagið til aðstöðu í Skjólbrekku fyrir viðburðina sem tengjast umsóknunum.

Sveitarstjórn samþykkti tillögur velferðar- og menningarmálanefndar samhljóða, enda eru verkefnin nýstárleg og skemmtilegur menningarauki í sveitarfélaginu.



Þessi mynd var tekin í kjallara Skjólbrekku á dögunum þar sem hefur heldur betur verið tekið til hendinni að undanförmu.

Viðhald og tiltekt í Skjólbrekku

Sigurður Guðni Böðvarsson kom inn á fund velferðar- og menningarmálanefndar í vikunni og fór yfir stöðuna á viðhaldi og tiltekt í Skjólbrekku það sem af er ári en hann hefur haft yfirumsjón með því. Búið er að útbúa útskot fyrir flygilinn sem kostað var af uppgjöri Skútasjóðs. Búið er að taka mikið til í kjallara, lagfæra svið, mála, setja upp hillur o.fl. Nefndin lýsti yfir mikilli ánægju með það sem búið er að gera í Skjólbrekku. Næstu skref eru endurnýjun í anddyri, eldhúsi, íbúðinni í Skjólbrekku o.fl. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að farið verði í markaðssetningu vegna útleigu á Skjólbrekku, uppsetningu leiktækja utanhúss, merkingar o.fl.

Formaður fór svo yfir fund sem haldinn var í bókasafninu 29. apríl s.l. með starfsfólki bókasafnsins og Sólrúnu Hörpu Sveinbjörnsdóttur bókaverði hjá MMP um verklag og innkaup við rafræna skráningu í Landskerfi bókasafna (Gegni). Búið er að panta tækjabúnað sem þarf í verkið og verður Sólrún Harpa starfsfólki bókasafnsins innan handar með fyrstu skref í skráningunni.

Búum til samverustundir í Mývatnssveit – Opinn fundur fyrir alla áhugasama

Skútustaðahreppur vinnur að skemmtilegu verkefni sem miðar að því að auka hamingju Mývetninga. Verkefnið hefur fengið mikla athygli. Eftir að hafa gert skoðanakönnun á meðal Mývetninga þar sem þeir voru spurðir út í andlega og líkamlega heilsu og svo frábæran íbúafund, þá er kominn tími til að setja upp aðgerðaráætlun sem er hluti af verkefninu. Því boðum við fulltrúa félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja og allt áhugasamt fólk á viðburðarfund í Jarðböðunum (efri hæð) þriðjudaginn 21. maí kl. 20:00, eða um leið og fólk er búið að baða sig og fá sér grillmat eftir stóra hreinsunardaginn (plokkdaginn).

Markmiðið með fundinum er að setja upp alveg ótrúlega skemmtilegt VIÐBURÐARDAGATAL það sem eftir lifir árs 2019. Þarna munum við í sameiningu skipuleggja og skipta með okkur viðburðum til þess að efla samveru og menningu í sveitarfélaginu fyrir alla aldurshópa.

Áherslur við upprætingu kerfils og lúpínu

Starfshópur Skútustaðahrepps um ágengar plöntur hefur kortlagt gróflega útbreiðslu skógarkerfils og alaskalúpínu og afmarkað áherslusvæði. Til að byrja með leggur hópurinn áherslu á að uppræta plöntur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og á svæðum með sérstæðum jarðmyndunum. Einnig er áhersla á svæði þar sem vélum verður við komið og þar sem plöntur eru fáar og uppræting því auðveld. Njóli og þistill eru einnig á verkefnalista en kortlagning og útfærsla aðgerða bíður betri tíma. Teknar hafa verið saman upplýsingar um áhrifaríkar aðferðir við upprætingu, heppilega tímasetningu og

fleira gagnlegt. Sjá upplýsingar um alaskalúpínu, skógarkerfil, þistil og njóla.

Starfshópurinn átti fund með sveitarstjóra og Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur, formanni umhverfisnefndar, mánudaginn 6. maí og gerði grein fyrir störfum sínum hingað til. Hópurinn hittir einnig í upplýsingaskyni fulltrúa í umhverfisnefnd í upphafi reglulegs fundar þeirra.

Starfshópurinn mun á næstu dögum senda erindi til eigenda og umráðamanna lands þar sem kerfil og lúpínu er að finna. Tilgangurinn er að koma á formlegu sambandi við þá um verkefnin framundan. Sem fyrr óskar starfshópurinn eftir upplýsingum frá þeim er láta sig málið varða og kunna að búa yfir gagnlegum upplýsingum, til dæmis um útbreiðslu lúpínu, kerfils, njóla eða þistils.

Hafa má samband við eftirtalda:

Siggi á gautlond@simnet.is eða í síma 897-7811,

Daði á dadi@land.is eða í síma 894-4215

Davíð á myvatn@ust.is eða í síma 822-4039.



Hér rís raðhús með fjórum íbúðum á met tíma. Grunnurinn er svo klár á næsta raðhúsi. – Mynd: Guðjón Vésteinsson.

Tvö ný raðhús rís í Klappahrauni

Fyrri raðhúsið af tveimur sem verktakinn Húsheild er að byggja í Klappahrauni spratt upp í síðustu viku. Framleiðandi húsanna sem Húsheild flytur inn er fyrirtækið Mjöbäcks í Svíþjóð og hefur um 70 ára reynsla er af byggingum þeirra. Húsin eru vel einangruð og öll hönnun ásamt tækjum og búnaði gera það að verkum að orkukostnaður og rekstrarkostnaður er mun lægri en tíðkast hefur. Húsin afhendast fullbúin með vönduðum innréttingum. Um er að ræða átta íbúðir í tveimur

raðhúsum og hefur sveitarfélagið fest kaup á þremur þeirra. Verð er hagstætt en þetta verkefni verður fyrirmynd að sambærilegri uppbyggingu víðar um landið að sögn verktakans. Jafnframt er unnið að gatnagerð í eystari hluta Klappahrauns en þar verður m.a. sú nýjung að allar íbúðir götunnar verða tengdar inn á nýtt fráveitukerfi sem felst í aðskilnaði svartvatns og grávatns sem er í samræmi við nýja lausn í fráveitumálum í Mývatnssveit. Er þetta fyrsta gata sinnar tegundar hér á landi þar sem þetta er gert.



Gatnagerð í Klappahrauni. – Mynd: Guðjón Vésteinsson.

Umsagnir óskast um umhverfisstefnu

Umhverfisnefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun á Umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.

Drögin verða aðgengileg frá og með 9. maí á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skutustadahreppur.is þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um umhverfisstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 23. maí n.k.

Umsagnir óskast menningarstefnu

Velferðar- og menningarmálanefnd hefur undanfarna mánuði unnið að endurskoðun á Menningarstefnu Skútustaðahrepps.

Drögin verða aðgengileg frá og með 9. maí á heimasíðu sveitarfélagsins.

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um menningarstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið thorsteinn@skutustadahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 23. maí n.k.

Áfram samið við VÍS um tryggingar

Á fundi sveitarstjórnar voru lögð fram eftirfarandi tilboð í tryggingar sveitarfélagsins en útboðsferlið var í umsjón Consello, löggiltis váttryggingamiðlara. Tilboðin sem bárust: VÍS 2.762.940 kr. Sjóvá 3.434.339 kr. TM 5.761.858 kr. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða tilboð VÍS.

Hólasandur – Safntankur svartvatns

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í jarðvinnu og byggingu safntanks fyrir svartvatn á Hólasandi norðan Mývatns. Tankurinn er að mestu niðurgrafinn og alfarið steinsteyptur. Verkstaður er um 13 km norðan Reykjahlíðar.

Helstu magntölur:

Steinsteypa	650 m ³
Steypumót	2.500 m ²
Bendistál	100.000 kg
Holplötur	600 m ²

Verkið skal klárast að fullu fyrir 30. september 2019. Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá kl. 12:00 föstudaginn 10. maí 2019. Til að fá útboðsgögnin þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, forráðamann, netfang og síma til Snævarrs Arnar

Georgssonar – á pósthfangið:

снаеварр.георгссон@ефла.ис. Tilboðum skal skila til EFLU verkfræðistofu, Glerárgötu 32, 600 Akureyri (3. hæð), eigi síðar en föstudaginn 24. maí 2019 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

Málefni og verkefni viðbragðsaðila - Íbúafundur

Íbúafundur verður í Skjólbrekku mánudaginn 13. maí kl. 19:30 um málefni og verkefni viðbragðsaðila.

Dagskrá:

19:30 Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri setur fundinn.

19:35 Málefni slökkviliðs. Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri.

19:50 Málefni sjúkraflutninga. Eysteinn Kristjánsson HSN.

20:05 Málefni lögreglu. Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri.

20:20 Málefni almannavarna. Kristján Kristjánsson yfirlögregluþjónn.

20:35 Náttúruvárvöktun Veðurstofu Íslands. Kristín Jónsdóttir hópstjóri.

21:05 Umræður. 22:00 Fundarlok.



Huti þeirra sem sat aðalfund Mývatnsstofu.

Öflugur aðalfundur Mývatnsstofu

Aðalfundur Mývatnsstofu ehf. var haldinn í gær. Starfsemi Mývatnsstofu á síðasta ári var í miklum blóma og er frábært að sjá hvað ferðaþjónustan í Mývatnssveit vinnur vel saman. Jólasveinaverkefnið í Dimmuborgum er sífellt að verða vinsælla og þar hafa sumarsýningarnar slegið í gegn. Þá er unnið markvisst að markaðssetningu á samfélagsmiðlum, utanumhald stærri og minni viðburða ásamt ýmsum fleiri verkefnum. Rekstur Mývatnsstofu gekk vel á síðasta ári. Í Stjórn Mývatnsstofu eru Friðrik

Jakobsson, Hallgrímur Páll Leifsson og Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, varamenn eru Soffía Björnsdóttir, Reinhard Reynisson og Ragnheiður Jóna Leví Grétarsdóttir. Framkvæmdastjóri er Soffía Kristín Jónsdóttir.



Skemmtilegt sveitarstjóræping

Árlegt bæjar- og sveitarstjóræping var haldið á Suðurlandi í síðustu viku. Þar var boðið upp á fræðslu og heimsóknir í Hveragerði, Árborg og Ölfus. Eru þetta ákaflega gefandi og fróðleg þing þar sem gaman er að hitta kollega á landsvísu.

Plokkhátíð (ruslahreinsun) 21. maí

Hinn árlega ruslahreinsun sem haldin hefur verið í nokkra áratugi í Mývatnssveit að vori til og kallast nú PLOKKHÁTÍÐ, verður þriðjudaginn 21. maí og er samstarfsverkefni Fjöreggs og Skútustaðahrepps með góðum stuðningi Jarðbaðanna og Kjörbúðarinnar. Forsvarsmenn félaganna skipuleggja hreinsunina á hverjum stað. Nálgist hanska, maíspoka og svarta ruslapoka á hreppnum fyrir 17:00 en við hvetjum einnig fólk til að koma með eigin vinnuhanska. Gámavöllurinn á Grímstöðum verður opinn 18.00-19.30. Fjöregg hvetur ykkur til að reyna að flokka eins mikið og mögulegt er. Gott er að losa ruslið úr plast ruslapokum og setja pokana í endurvinnslu. Grillveisla við Jarðböðin 19:00 og frítt í Jarðböðin fyrir ruslatínlufólk. Við hvetjum fyrirtæki til að taka þátt í deginum og hreinsa í kringum sig.

Skipulagið er með eftirfarandi hætti:

- Grímungar/Landeigendafélag Reykjahlíðar
Flugvallarvegur að Grímstaðaöxl
Mæting við flugvallarveg
- Kvenfélagið og Gjallandsi
Öxl að Arnarvatni (að Sandvatnsbrekku)
Mæting við Grímstaðaöxl
- Björgunarsveitin / Kiwanis / Akstursíþróttafélag
Garður að Mátvatni
Mæting við Sel hótél
- Mývetningur / Golfklúbburinn
Reykjahlíðarþorp, gamli vegur frá skóla,
Austurlandsvegur að Kröfluafluggjara,
vegurinn að Jarðböðunum
Mæting við Dyngjuna
- Fjöregg / Landeigendafélag Voga /
Slysavarnarfélagið
Austurlandsvegur að Garði (Grjótagjárvegur,
Hverfjallsvegur og Dimmuborgarvegur)
Mæting við Björk

HRÓS DAGSINS...

Fær nemandi Reykjahlíðarskóla sem kom með þá snilldar hugmynd að nota ekki ruslapoka í árlegri ruslahreinsun í nágrenni skólans heldur nýta margnota poka úr lérefti eða bara koddaver!

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. með Vegagerðinni, nefnd um endurbyggingu sundlaugar, með stýrihóp hamingjuverkefnis, með Höfðahóp vegna deiliskipulagsvinnu í Höfða, aðalfund Mývatnssstofu, með fastanefndum sveitarfélagsins, þ.e. umhverfisnefnd og velferðar- og menningarmálanefnd, forstöðumannafund, með viðræðunefnd Vogunga vegna hitaveitumála og svo sat ég árlegt sveitar- og bæjarstjóræping, svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri